

# Laufabrauðsgerð í Hofsstaðaskóla

Laugardaginn 1. desember, 2012 kl. 11-14

Sannkölluð jólastemning verður í sal skólans. Kaffi, djús og piparkökur verða á boðstólnum.

**Lúðrasveit Tónlistarskólans í Garðabæ** heiðrar okkur með flutningi á jólalögum klukkan 12:30.

Sú nýbreytni verður tekin upp í ár að bjóða upp á klukkutíma námskeið þennan dag þar sem hægt er að forrita jólakveðju í þrívídd. Leiðbeinendur eru starfsmenn Skema og nokkrir nemendur Hofsstaðaskóla.

Börn koma í fylgd með fullorðnum og allir koma með skurðbretti, hnífa og ílát undir steiktu laufabrauðin. Þeir sem eru ekki með laufabrauðshnífa geta notað nánast hvaða hnífa sem er, vasahnífa, fiskihnífa eða steikarhnífa, en best er að hafa hnífinn með mjóum oddi - grillpinnar virka líka til að plokka upp deigið.

*Sjáumst sem flest í hátíðarskapi ☺*

Foreldrafélagið